

# Morgunblaðið

## mbl.is/gagnasafn

Miðvikudaginn 13. desember, 2006 - Innlandar fréttir

## Hótelturn og vöruhótel í kortunum á Kársnesi

Hugmyndir bæjaryfirvalda um Kársnesið kynntar á íbúafundi í kvöld



Framtíðin Gert er ráð fyrir smábátahöfn og átta hæða hótelturni í sambúð með hafnarsvæði og vöruhótel í Kársnesi framtíðarinnar samkvæmt hugmyndum bæjaryfirvalda í Kópavogi.

[ Smelltu til að sjá stærri mynd ]



Eftir Örlyg Stein Sigurjónsson  
orsi@mbl.is HAFNARSVÆÐI í bland við íbúabyggð með bryggjuhverfi á

Kársnesi er það sem bæjaryfirvöld í Kópavogi sjá fyrir sér í framtíðinni. Haldinn verður íbúafundur í kvöld, miðvikudagskvöld kl.

Eftir Örlyg Stein Sigurjónsson  
orsi@mbl.is

HAFNARSVÆÐI í bland við íbúabyggð með bryggjuhverfi á Kársnesi er það sem bæjaryfirvöld í Kópavogi sjá fyrir sér í framtíðinni. Haldinn verður íbúafundur í kvöld, miðvikudagskvöld kl. 20 í Salnum til að kynna hugmyndir bæjaryfirvalda.

Ekki er um að ræða lögbundið skipulagsferli heldur ber að skoða kynninguna sem umræðugrundvöll að fyrirhugaðri byggð. M.a. er gert ráð fyrir 8 hæða hótelturni á Kársnesi, landfyllingum og niðurrifi atvinnuhúsnæðis vegna hugmynda bæjarins.

Einar K. Jónsson, skipulagsstjóri Kópavogs, segist búast við athugasemdum og hugmyndum frá íbúum og tekið verði tillit til þeirra við skipulagsferlið.

"Svæðinu er skipt niður í tíu reiti og hugmyndir [fundarmanna] við hvern reit verða teknar niður og jafnframt geta íbúar Kópavogs og aðrir skoðað kynninguna á heimasíðu [Kópavogs, kopavogur.is] og komið með athugasemdir til skipulagsyfyrvalda í Kópavogi fram til 1. febrúar," segir hann.

Einar segir verða tekið tillit til ábendinga um mögulegar jarðfræðiminjar á svæðinu og fordæmi séu fyrir tilhliðrunum á skipulagi bæjarins vegna minja. "En hvert mál verður að skoða fyrir sig," segir hann. "Að hluta til eru byggingar á þessu svæði fyrir, þ.e. gamalt iðnaðarhúsnæði sem verður rifið og annað byggt í staðinn."

### Smábátahöfn á milli húsa

Í fréttatilkynningu Kópavogsbæjar segir að í kjölfar mikillar umræðu á síðustu árum um skipulag vestast á Kársnesi og beiðni lóðahafa um breytt ástand á núverandi fyrirkomulagi byggðar sem sé í töluverðri niðurníðslu, hafi skipulagsyfyrvöld í Kópavogi hrint í framkvæmd hugmynda- og skipulagsvinnu á svæðinu og lagt fram tillögu að fyrirkomulagi byggðar á því svæði sem nú sé að stærstum hluta skilgreint í Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 sem endurbótasvæði.

Gert er ráð fyrir að í Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 verði unnið að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði og tekið fram að sú vinna geti falið í sér breytta notkun húsnæðis, stækkun þess eða byggingu nýs húsnæðis. Einnig er fjallað um Kópavogshöfn og tekið fram að markmiðið sé

að efla starfsemi tengda sjósókn og flutningum á sjó. Unnið verði að þessu markmiði með því að efla hlutverk Kópavogshafnar á sviði viðgerða og þjónustu og að stækka beri hafnarsvæðið með landfyllingum. Ekki var gerð tillaga um nýtingarhlutfall á endurbótasvæðum við endurskoðun Aðalskipulagsins.

Að sögn Einars er gert ráð fyrir að í framtíðinni verði á Kársnesi eina bryggjuhverfi landsins þar sem að smábátahöfn verði inni á milli húsanna. Því fylgi strandfylling og jafnframt landfylling sem fylgir stækkun hafnarsvæðisins.

"Það er rétt að taka fram að þegar Atlantsskip fara, mun skipaferðum fækka úr fimm ferðum á viku í þrjár til fjórar," segir hann. Segir hann að íbúabyggð á svæðinu muni þola skipaumferð og segir jafnframt að eðlilegt sé að blanda saman hafnar- og íbúasvæðum. Fordæmi séu fyrir slíku erlendis frá. Bendir hann á að á hafnarsvæðinu verði vöruskemma fyrir BYKO og umferð flutningabíla verði dreifðari um hverfið með því að uppskipun á hafnarsvæðinu verði inn á vöruhótel BYKO og síðan bílflutningar þaðan á daginn þegar umferðaralag er sem minnst. Arkitektastofurnar Alark, KRark, GP hönnun, Storð og Gláma-Kím hafi í samstarfi við bæjarskipulagið lagt grunn að hugmyndavinnunni sem kynnt verður af Línuhönnun.

#### **Leiðrétting 14. desember - Skipulagsstjóri**

Rangt var farið með nafn skipulagsstjóra Kópavogs í blaðinu í gær. Það er Smári Smáráson sem gegnir því starfi. Einar K. Jónsson, sem talað var við við vinnslu fréttar um uppbyggingu á Kársnesi, er hins vegar formaður skipulagsnefndar bæjarins. Velvirðingar er beðist á mistökunum.